

FUNDARGERÐ ÁRSFUNDAR GILDIS-LÍFEYRISSJÓÐS 2022
Haldinn fimmtudaginn 28. apríl 2022 kl. 17:00

Dagskrá ársfundar:

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning ársreiknings
3. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt, fjárfestingarstefnu og hluthafastefnu
4. Tillögur til breytinga á samþykktum
5. Starfskjarastefna – til staðfestingar
6. Kosning/skipan stjórnar
7. Ákvörðun launa stjórnarmanna
8. Kosning nefndar um laun stjórnarmanna
9. Kjör endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis
10. Önnur mál

Fundarsetning

Gylfi Gíslason, formaður stjórnar, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gylfi gerði tillögu um Guðbjörgu Helgu Hjartardóttur, lögmann, sem fundarstjóra og voru ekki gerðar athugasemdir við það.

Guðbjörg Helga Hjartardóttir tók við fundarstjórn. Fundarstjóri gerði tillögu um Bjarna Gíslason sem fundarritara og voru ekki gerðar athugasemdir við það.

Fundarstjóri upplýsti að hann hefði kannað boðun fundarins og áskildar auglýsingar og úrskurðaði fundinn löglegan þar sem rétt hefði verið til hans boðað. Upplýsti fundarstjóri að fundurinn færi fram á íslensku, en væri túlkaður jafnóðum á ensku.

Þessu næst gerði fundarstjóri grein fyrir dagskrá fundarins. Gat fundarstjóri þess að formaður stjórnar, framkvæmdastjóri, forstöðumaður eignastýringar, lögfræðingur sjóðsins og tryggingastærðfræðingur yrðu til svara varðandi fyrirspurnir. Yrði fundarmönnum gefinn kostur á að bera upp spurningar undir hverjum lið fyrir sig. Væri spurningum beint til ákveðins aðila þyrfti að geta þess sérstaklega.

Gerði fundarstjóri grein fyrir því hvernig gengið yrði til atkvæða, þ.e. að almennt yrði það gert með handauppréttingu nema sérstök þörf væri talin á skriflegri atkvæðagreiðslu. Almennt gætu eingöngu meðlimir fulltrúaráðs sjóðsins greitt atkvæði, nema annars væri sérstaklega getið. Þeir sem atkvæðisrétt höfðu á fundinum höfðu þegar fengið atkvæðaseðla, merktu hverjum dagskrárlíð.

Lagði fundarstjóri til að dagskrárlíðirnir skýrsla stjórnar, kynning ársreiknings fyrir sl. starfsár og kynning tryggingafræðilegrar úttektar, fjárfestingarstefnu og hluthafastefnu, þ.e. dagskrárlíðir nr. 1, 2 og 3, yrðu teknir saman til umræðu, þannig að fundarmönnum yrði gefinn kostur á að tjá sig um alla þessa líði eftir yfirferð þriðja dagskrárlíðar. Ekki komu fram athugasemdir við þetta fyrirkomulag.

Fundarstjóri gaf Gylfa Gíslasyni formanni stjórnar þessu næst orðið til þess að flytja skýrslu stjórnar.

1. Skýrsla stjórnar.

Gylfi Gíslason stjórnarformaður flutti skýrslu stjórnar.

2. Kynning ársreiknings.

Árni Guðmundsson framkvæmdastjóri sjóðsins gerði grein fyrir ársreikningi sjóðsins. Upplýsti hann að kynningin yrði sett á heimasíðu sjóðsins eftir fundinn.

3. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt, fjárfestingarstefnu og hluthafastefnu.

Framkvæmdastjóri sjóðsins gerði grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt, fjárfestingarstefnu og hluthafastefnu. Kom framkvæmdastjóri m.a. inn á það hvernig Gildi hefði framfylgt hluthafastefnu félagsins í tengslum við aðalfundi einstakra skráðra innlendra hlutafélaga. Helstu atriði erindis hans koma fram í kynningu sem gerð verður aðgengileg á heimasíðu sjóðsins.

Fundarstjóri gaf að lokinni framsögu um dagskrárliði 1-3 fundarmönnum færi á því að koma á framfæri athugasemdum hvað þá varðaði.

Bjarni Guðmundsson spurði fundarstjóra hvenær tillögur um breytingar á samþykktum hefðu borist stjórn með vísan í grein 24.1. í samþykktum, þar sem kveðið er á um að slíkar tillögur verði að berast fyrir 15. janúar ár hvert. Fundarstjóri svaraði að það ákvæði ætti ekki við um þær breytingar á samþykktum sem stjórn sjálf leggur til. Spyrjandi bað um að þetta yrði fært til bókar.

Örn Pálsson bað um orðið. Þakkaði skýrsluna og þann árangur sem sjóðurinn hefði náð. Einnig það hversu vel sjóðurinn kynnti þau mál sem taka ætti fyrir á aðalfundum innlendu skráðu hlutafélaganna. Harmaði hversu lítinn stuðning sjóðurinn hefði fengið í þeim efnum. Spurði hversu vel aðrir lífeyrissjóðir hefðu stutt erindi Gildis á slíkum fundum. Árni Guðmundsson varð til svars, sagði aðra sjóði oft taka undir sjónarmið Gildis á atkvæðagreiðslum en upp á vantaði að þeir tjáðu sig um málin fyrir og eftir fundi líkt og Gildi gerir. Sagðist þó ekki hafa nákvæma samantekt á þeim stuðningi sem sjóðurinn hefði fengið úr þessari átt.

Jóhann Páll Símonarson bað um orðið. Afhenti fundarstjóra yfirlit yfir spurningar sínar til sjóðsins. Lýsti ánægju með ársskýrsluna. Taldi þó vanta inn í skýrsluna að taka fram hvar væri verið að færa niður eignir í félögum. Taldi einnig að í skýrsluna vantaði sundurliðun sveitarfélagaskulda. Nefndi að fjöldi sjóðfélaga væri rúm 250 þúsund manns, rúm 16 þúsund þægju lífeyri en rúm 50 þúsund væru greiðendur. Því væru bara um 30 þúsund sem héldu sjóðnum uppi. Harmaði að nú ætti að leiðrétta stöðu sjóðsins vegna tryggingafræðilegu stöðunnar, fyrir eldri félaga sem greitt hefðu lengi í sjóðinn. Bar svo upp spurningar í 10 liðum, sem hann hafði áður afhent fundarstjóra.

- 1) Í bígerð eru vindmyllugarðar sem koma á upp með fulltingi Kvikubanka. Bakhjarlar einhverjir hinir sömu og voru viðriðnir FL Group, sem Gildi tapaði þúsundum milljóna á, en eru nú tengdir Stöðum. Ætlar Gildi að taka þátt í því?
- 2) Mun Gildi vísa Inít-málinu til opinberrar rannsóknar? Taldi upp kostnað sjóðsins við hugbúnað og benti á hversu mikið hann hefur hækkað milli ára.
- 3) Loforð Gildis um að fjárfesta í grænni orku. Mál sem enn á eftir að skýra fyrir þjóð og sjóðfélögum. Getur stjórn Gildis staðfest þessa ákvörðun, var einhver í stjórn á móti og ef svo er hvernig skiptust atkvæði?
- 4) Gildi á minnst 19% hlut í Bakkastakki, hvað hefur sjóðurinn fært eignina þar mikið niður og hversu mikið meira fé hefur verið sett inn í félagið frá upphaflegri fjárfestingu?
- 5) Átti Gildi skuldabréf í Norðuráli Helguvík?
- 6) Fyrirtækjaskuldabréfasafn sjóðsins og veðlán, hafa þau verið færð niður í verðmati? Um hvaða félög er að ræða?
- 7) Sama fyrirspurn og í 6), óskað eftir yfirliti yfir afskriftir lána.

- 8) Hvers vegna hefur yfirlit yfir skuldabréf sveitarfélaga verið tekið út, er verið að fela eitthvað?
- 9) Forstöðumaður eignastýringar og greiðslur fyrir stjórnarsetu hans á vegum sjóðsins. Er þetta græðgi sem viðgengst með leyfi stjórnarmanna?
- 10) Rekstrarkostnaður sjóðsins hefur hækkað milli ára um 98 m.kr. Hverju sætir?

Fór Jóhann Páll fram á að formanni stjórnar yrðu færðar spurningarnar til svars. Árni Guðmundsson svaraði liðum 1) og 5) neitandi en taldi töluvert um rangfærslur í fyrirsurninni. Gat hann þess að þar sem erindið hefði ekki borist fyrir fundinn væri ekki hægt að svara öllum spurningum á fundinum, en sagði jafnframt að Jóhanni Páli yrði svarað.

Jóhann Páll fékk aftur orðið og lýsti vonbrigðum sínum með viðbrögð og svör framkvæmdastjóra.

Fundarstjóri taldi ástæðu til að hvetja þá sem tækju til máls á fundinum til að gæta fyllstu kurteisí.

Ekki kváðu fleiri sér hljóðs og fundarstjóri gekk til næsta dagskrárliðar.

4. Tillögur til breytinga á samþykktum.

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að fyrirliggjandi væru tillögur um breytingar á nokkrum ákvæðum samþykpta sjóðsins, nánar tiltekið grein 3.2, 7. gr., grein 9.7, greinum 10.1 og 10.2, 10.5, 11.2, 11.5, 11.6 og 12.9, 16. gr., greinum 17.1, 18.4 og 24.3. Þá væri lagt til nýtt ákvæði til bráðabirgða og breytingar á réttindatöflum, sem fram kæmu í viðauka við samþykktir sjóðsins. Tillögurnar hefðu legið fyrir á heimasíðu sjóðsins og verið kynntar fulltrúaráði.

Bjarni Guðmundsson lagði fram breytingartillögu sem fundarstjóri sagði að þyrfti að rýna til að sjá hvernig yrði tekin til meðferðar á fundinum.

Tryggingastærðfræðingur Gildis, Benedikt Jóhannesson, fór yfir kynningu þar sem fram komu þær forsendur sem búa að baki breytingartillögunum. Kynningin verður gerð aðgengileg á heimasíðu sjóðsins í kjölfar fundarins.

Í kjölfarið fór Árni Hrafn Gunnarsson, lögfræðingur Gildis, nánar yfir tillögurnar sem bornar yrðu undir atkvæði fundarins auk greinargerðar með þeim, en bæði tillögurnar og greinargerðin lágu fyrir á heimasíðu sjóðsins.

Árni Hrafn fór fyrst yfir breytingartillögur er sneru að innleiðingu nýrra lífslíkataflna. Koma þær hér á eftir.

Breytingar samþykpta sem snúa að innleiðingu á lífslíkataöflum

Grein 7. orðist þannig (nýtt er auðkennt með undirstrikun, yfirstrikaður texti fellur út):

7. *Tryggingafræðileg athugun.*

- 7.1. *Stjórn lífeyrissjóðsins skal árlega láta reikna út fjárhag samtryggingardeildar sjóðsins og skal niðurstaða athugunarinnar vera hluti af reikningsskilum lífeyrissjóðsins um hver áramót. Í niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar skal gera grein fyrir kostnaði vegna þeirra lágmarksréttinda sem sjóðurinn er skuldbundinn að veita, sbr. ákvæði greinar 2.2. Einnig skal gerð grein fyrir kostnaði vegna þeirra viðbótarréttinda, sem sjóðurinn kann að veita umfram ofangreint lágmark. Athugun skal framkvæmd af tryggingastærðfræðingi eða öðrum þeim sem hlotið hafa viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins til slíks starfs. Fyrir 1. júlí ár hvert skal senda Fjármálaeftirlitinu hina tryggingafræðilegu athugun.*
- 7.2. *Hrein eign lífeyrissjóðsins til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðariðgjalda skal vera jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda. Aætlun um framtíðariðgjöld og væntanlegan lífeyri skal*

miðað við sjóðfélaga á þeim tíma sem tryggingafræðileg athugun tekur mið af. Réttindatöflur sjóðsins skulu Lífeyrisloforð sjóðsins til framtíðar skulu árlega endurskoðuð endurskoðaðar og breytt ef tryggingafræðilegar forsendur sjóðsins gefa tilefni til í samræmi við sbr. ákvæði greina 10.2-10.4, en um breytingar á áunnum réttindum fer eftir ákvæðum gr. 7.3. og 7.4.

- 7.3. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að eignir sjóðsins eru meira en 10% umfram lífeyris-skuldbindingar hans miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur og að teknu tilliti til eðlilegra varúðarsjónarmiða, skal stjórn sjóðsins að höfðu samráði við tryggingastærðfræðing, gera tillögur til ársfundar um hækkun lífeyrisréttinda. Sama gildir ef þessi munur hefur haldist meiri en 5% samfellt í fimm ár. Stjórn sjóðsins er einnig heimilt að höfðu samráði við tryggingastærðfræðing sjóðsins og miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur og að teknu tilliti til eðlilegra varúðarsjónarmiða, að leggja til við ársfund að auka áunnin lífeyrisréttindi sjóðfélaga. Aukningin skal gerð þannig að áunnin réttindi allra sjóðfélaga, eins og þau eru reiknuð skv. 11. 14. gr. þessara samþykktu, eru aukin hlutfallslega jafn mikið. Staða sjóðsins, það er mismunur eigna og skuldbindinga samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt, skal þó ætíð vera jákvæð eftir aukningu réttinda, bæði þegar litið er til áunninna réttinda og heildarréttinda. Ársfundur tekur endanlega ákvörðun og er yfirlit yfir ákvarðanir samkvæmt þessari grein í Sjá viðauka B.
- 7.4. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að eignir sjóðsins eru meira en 10% lægri en lífeyrisskuldbindingar hans, miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur og að teknu tilliti til eðlilegra varúðarsjónarmiða, skal stjórn sjóðsins, að höfðu samráði við tryggingastærðfræðing, gera tillögur til ársfundar um lækkan lífeyrisréttinda, enda finnst ekki aðrar leiðir til að bæta fjárhag sjóðsins. Sama gildir ef þessi munur hefur haldist meiri en 5% samfellt í fimm ár. Stjórn sjóðsins er einnig heimilt, að höfðu samráði við tryggingastærðfræðing sjóðsins og miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur og að teknu tilliti til eðlilegra varúðarsjónarmiða, að leggja til við ársfund að lækka áunnin lífeyrisréttindi sjóðfélaga. Lækkunin skal gerð með því að skerða áunnin réttindi allra sjóðfélaga, eins og þau eru reiknuð skv. 11-14. gr. þessara samþykktu, hlutfallslega jafnmikið. Ársfundur tekur endanlega ákvörðun og er yfirlit yfir ákvarðanir samkvæmt þessari grein í Sjá viðauka B.

Greinar 10.1., 10.2. og 10.5 orðist þannig (nýtt er auðkennt með undirstrikun, yfirstrikaður texti fellur út):

10.1. Með greiðslum iðgjalda aflar sjóðfélagi sér réttinda til elli- og örorkulífeyris og maka sínum og börnum rétt til maka- og barnalífeyris eftir því sem kveðið er á um í 11.-14. gr. og á grundvelli þeirra réttindatafla sem fram koma í viðauka A við samþykktir þessar og teljast hluti þeirra. Réttindi sjóðfélaga til lífeyris eru reiknuð í íslenskum krónum og ráðast réttindi af því iðgjaldi sem greitt er í lífeyrissjóðinn hverju sinni. Ávinnsla réttinda ræðst af aldri sjóðfélaga í lok þess launamánaðar sem iðgjald er greitt af til lífeyrissjóðsins, sbr. þó sérreglu í gr. 10.3. Réttindin eru verðtryggð og breytast í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá þeim launamánuði sem iðgjald er greitt af. Helstu tryggingafræðilegu forsendur sem réttindatöflur sjóðsins byggja á koma fram í viðauka A. Lágmarkstryggingavæðing miðast við að innborgun hefst við 20 ára aldur.

Reiknigrundvöllur lífeyrissjóðsins er í viðauka C, sem telst hluti af samþykktum þessum. Þar eru tilgreindar tryggingafræðilegar forsendur sjóðsins og hvernig áfallnar og heildarskuldbindingar sjóðsins skulu reiknaðar. Eins er tilgreint hvernig lífeyrisréttindi sjóðfélaga eru reiknuð í samræmi við réttindaákvæði 11.-14. gr. og eru niðurstöðurnar birtar í réttindatöflum I til IV í viðauka A, sem einnig telst hluti af samþykktum þessum. Reikna skal nýjar töflur árlega á sama tíma og tryggingafræðileg staða sjóðsins er reiknuð. Gefi nýju réttindatöflurnar niðurstöðu sem breytir framtíðar skuldbindingum sjóðsins um meira en 1% skulu nýju töflurnar taka gildi frá og með næstu áramótum þaðan í frá, enda samþykki ársfundur tillögu þar um.

10.2. Nú breytast tryggingafræðilegar forsendur sjóðsins í þeim mæli að mati tryggingastærðfræðings hans að tilefni sé til breytinga á réttindatöflum og skal hann þá gera tillögu að nýjum réttindatöflum sem endurspegli breyttar forsendur og leggja fyrir stjórn sjóðsins. Samþykki stjórn tillögunu skal hún lögð fyrir næsta ársfund eða aukaársfund til staðfestingar. Áð uppfylltum skilyrðum laga og samþykktu öðlast ný réttindatafla gildi fyrir ávinnslu réttinda í sjóðnum skv. samþykkt ársfundar eða aukaársfundar þar um. Ávinnsla réttinda ræðst af aldri sjóðfélaga í lok þess launamánaðar sem iðgjald er greitt af til lífeyrissjóðsins samkvæmt töflu I í viðauka A, sbr. þó gr. 10.3. Réttindin eru verðtryggð og breytast í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá þeim launamánuði sem iðgjald er greitt af. Lífeyrisréttindin eru skilgreind í 11.-14. gr., sbr. þó greinar 10.3. og 10.4.

10.5. Áunnin geymd lífeyrisréttindi sjóðfélaga í Lífeyrissjóðnum Framsýn og Lífeyrissjóði sjómanna þann 31. maí 2005 skulu varðveitt skv. þeim réttindareglum sem giltu þann dag í hlutaðeigandi lífeyrissjóðum. Sama gildir um áunnin geymd lífeyrisréttindi í Lífeyrissjóði Vestfirðinga þann 31.12.2014. Um áhrif frestunar eða flýtingar á fjárhæð lífeyris skv. framansögðu fer skv. meginreglu 2. ml. í gr. 11.2. og 11.3. eins og sýnt er í töflu III m V og VI í viðauka A.

Grein 11.2. og 11.5. orðist þannig (nýtt er auðkennt með undirstrikun, yfirstrikaður texti fellur út):

- 11.2. Þegar sjóðfélagi hefur töku ellilífeyris eftir 67 ára aldur hækkar upphæð ellilífeyris samkvæmt töflu I eins og segir í töflu III fyrir hvern mánuð sem líður frá 67 ára aldri þar til taka lífeyris hefst. Hækkun ellilífeyrisréttindanna miðast við það að verðmæti ellilífeyrisins til æviloka sé hið sama og hjá þeim sem hefja töku ellilífeyris 67 ára miðað við tryggingafræðilegar forsendur sjóðsins. Þannig getur sjóðfélagi frestað töku ellilífeyris til allt að 80 ára aldurs gegn varanlegri hækkun mánaðalegra ellilífeyrisgreiðslna.
- 11.5. ~~Við 70 ára, 75 ára og 80 ára aldur skal senda sjóðfélögum sem ekki hafa hafið töku ellilífeyris upplýsingar um lífeyrisréttindi þeirra og hvernig sækja megi um réttindin. Iðgjöld sem sjóðfélagar greiða eftir 67 ára aldur veita réttindi samkvæmt töflu IV. Ellilífeyrisréttindi sem aflað er á hverju aldursári samkvæmt þessari grein koma fyrst til greiðslu fyrir fyrsta mánuð eftir næsta afmælisdag og þá aðeins samkvæmt sérstakri umsókn sjóðfélaga. Greiða skal þó ellilífeyri eigi síðar en vegna næsta mánaðar eftir 70 ára afmælisdaginn og þá án sérstakrar umsóknar. Ellilífeyrir sem aflað er skv. töflu IV hækkar þegar töku hans er frestað fram yfir næsta afmælisdag samkvæmt því sem tilgreint er í töflunni. Réttindi veita rétt til makalífeyris í samræmi við ákvæði 13. greinar.~~

Nýtt bráðabirgðaákvæði (nýtt er auðkennt með undirstrikun):

Ákvæði I til bráðabirgða: Á árunum 2023-2025 skal margfalda niðurstöðu framreiknings réttinda skv. grein 12.6. með stuðlinum úr eftirfarandi töflu fyrir þá sem úrskurðaðir verða á örorkulífeyri á hverju ári um sig:

- Árið 2023 1,06
- Árið 2024 1,04
- Árið 2025 1,02

Eftir 2025 verður framreikningur réttinda í samræmi við grein 12.6 og þessi grein fellur brott.

Lagt er til að Viðauki A falli á brott í heild sinni og að í stað hans komi nýr Viðauki A (ný réttindatafla):

VIÐAUKI A

Réttindatöflur sem gilda frá og með 1. janúar 2023. Réttindatöflurnar koma í stað áður gildandi réttindataflna sem gilda fram að þessu tímamarki.

Tafla I: Árleg lífeyrisréttindi í krónum frá 67 ára aldri fyrir hvert 10.000 króna iðgjald sem sjóðfélagi greiðir á hverju aldursári

<u>Aldur</u>	<u>Réttindi</u>	<u>Aldur</u>	<u>Réttindi</u>	<u>Aldur</u>	<u>Réttindi</u>	<u>Aldur</u>	<u>Réttindi</u>
16	2.632	31	1.340	46	954	61	761
17	2.493	32	1.298	47	939	62	751
18	2.363	33	1.259	48	924	63	741
19	2.243	34	1.223	49	910	64	733
20	2.131	35	1.190	50	896	65	723
21	2.027	36	1.160	51	883	66	714
22	1.931	37	1.133	52	870	67	687
23	1.842	38	1.107	53	857	68	661
24	1.760	39	1.083	54	844	69	636
25	1.684	40	1.061	55	831	-	-
26	1.614	41	1.040	56	819	-	-

<u>27</u>	<u>1.550</u>	<u>42</u>	<u>1.021</u>	<u>57</u>	<u>806</u>	-	-
<u>28</u>	<u>1.490</u>	<u>43</u>	<u>1.003</u>	<u>58</u>	<u>795</u>	-	-
<u>29</u>	<u>1.436</u>	<u>44</u>	<u>986</u>	<u>59</u>	<u>783</u>	-	-
<u>30</u>	<u>1.386</u>	<u>45</u>	<u>970</u>	<u>60</u>	<u>772</u>	-	-

Réttindi í jafnri ávinnslu eru meðaltal réttinda 25 til og með 64 ára eða 1.048 krónur fyrir hvert 10.000 króna iðgjald.

Forsendur:

Vextir eru 3,5% árlegir verðtryggðir vextir. Aldurs- og iðgjaldsamsetning sjóðfélaga á árinu 2021. Kynjahlutföll: 64% karlar og 36% konur.

Sérhæfðar lífslíkur sem byggja á reynslu árin 2014 - 2018 á meðal sjóðfélaga og gert ráð fyrir lækkandi dánartíðni til framtíðar skv. spá FÍT frá árinu 2021.

Sérhæfðar örorkulíkur sem byggja á reynslu sjóðfélaga árin 2011 – 2016.

Tafla II: Lækkun ellilífeyris þegar taka lífeyris hefst fyrir 67 ára aldur eða hækkun eftir 67 ára aldur.

Margfalda skal réttindi skv. töflu I með viðeigandi margfeldisstuðli miðað við lífeyristökualdur.

<u>Aldur</u>	<u>Margfeldisstuðull</u>	<u>Prósentsbreyting við hvert aldursár</u>	<u>Breyting fyrir hvern mánuð á milli aldursára</u>
<u>60</u>	<u>0,635</u>	<u>-36,5%</u>	<u>-0,32%</u>
<u>61</u>	<u>0,673</u>	<u>-32,7%</u>	<u>-0,35%</u>
<u>62</u>	<u>0,715</u>	<u>-28,5%</u>	<u>-0,38%</u>
<u>63</u>	<u>0,761</u>	<u>-23,9%</u>	<u>-0,42%</u>
<u>64</u>	<u>0,811</u>	<u>-18,9%</u>	<u>-0,46%</u>
<u>65</u>	<u>0,865</u>	<u>-13,5%</u>	<u>-0,53%</u>
<u>66</u>	<u>0,929</u>	<u>-7,1%</u>	<u>-0,59%</u>
<u>67</u>	<u>1</u>	<u>-</u>	<u>=</u>
<u>68</u>	<u>1,079</u>	<u>7,9%</u>	<u>0,65%</u>
<u>69</u>	<u>1,166</u>	<u>16,6%</u>	<u>0,73%</u>
<u>70</u>	<u>1,264</u>	<u>26,4%</u>	<u>0,82%</u>
<u>71</u>	<u>1,375</u>	<u>37,5%</u>	<u>0,92%</u>
<u>72</u>	<u>1,499</u>	<u>49,9%</u>	<u>1,04%</u>
<u>73</u>	<u>1,641</u>	<u>64,1%</u>	<u>1,18%</u>
<u>74</u>	<u>1,803</u>	<u>80,3%</u>	<u>1,35%</u>
<u>75</u>	<u>1,989</u>	<u>98,9%</u>	<u>1,55%</u>
<u>76</u>	<u>2,205</u>	<u>120,5%</u>	<u>1,80%</u>

<u>77</u>	<u>2,456</u>	<u>145,6%</u>	<u>2,10%</u>
<u>78</u>	<u>2,752</u>	<u>175,2%</u>	<u>2,46%</u>
<u>79</u>	<u>3,102</u>	<u>210,2%</u>	<u>2,92%</u>
<u>80</u>	<u>3,522</u>	<u>252,2%</u>	<u>3,50%</u>

Tafla III: Hækkunar- og lækkunartölur fyrir geymd ellilífeyrisréttindi úr Lífeyrissjóði sjómanna

Hlutfallsleg breyting ellilífeyris þegar taka lífeyris hefst fyrir eða eftir 65 ára aldur

<u>Aldur</u>	<u>Margfeldisstuðull</u>	<u>Prósentubreyting við hvert aldursár</u>	<u>Breyting fyrir hvern mánuð á milli aldursára</u>
<u>60</u>	<u>0,734</u>	<u>-26,6%</u>	<u>-0,37%</u>
<u>61</u>	<u>0,778</u>	<u>-22,2%</u>	<u>-0,40%</u>
<u>62</u>	<u>0,827</u>	<u>-17,3%</u>	<u>-0,44%</u>
<u>63</u>	<u>0,879</u>	<u>-12,1%</u>	<u>-0,48%</u>
<u>64</u>	<u>0,937</u>	<u>-6,3%</u>	<u>-0,53%</u>
<u>65</u>	<u>1</u>	-	-
<u>66</u>	<u>1,074</u>	<u>7,4%</u>	<u>0,62%</u>
<u>67</u>	<u>1,156</u>	<u>15,6%</u>	<u>0,68%</u>
<u>68</u>	<u>1,246</u>	<u>24,6%</u>	<u>0,76%</u>
<u>69</u>	<u>1,348</u>	<u>34,8%</u>	<u>0,84%</u>
<u>70</u>	<u>1,461</u>	<u>46,1%</u>	<u>0,94%</u>
<u>71</u>	<u>1,588</u>	<u>58,8%</u>	<u>1,06%</u>
<u>72</u>	<u>1,733</u>	<u>73,3%</u>	<u>1,20%</u>
<u>73</u>	<u>1,896</u>	<u>89,6%</u>	<u>1,37%</u>
<u>74</u>	<u>2,084</u>	<u>108,4%</u>	<u>1,56%</u>
<u>75</u>	<u>2,299</u>	<u>129,9%</u>	<u>1,79%</u>
<u>76</u>	<u>2,548</u>	<u>154,8%</u>	<u>2,08%</u>
<u>77</u>	<u>2,838</u>	<u>183,8%</u>	<u>2,42%</u>
<u>78</u>	<u>3,180</u>	<u>218,0%</u>	<u>2,85%</u>
<u>79</u>	<u>3,585</u>	<u>258,5%</u>	<u>3,37%</u>
<u>80</u>	<u>4,070</u>	<u>307,0%</u>	<u>4,04%</u>

Ákvörðun um breytingu á áunnum réttindum

Lagt var til að ársfundur samþykki, á grundvelli greina 7.3. og 7.4. í samþykktum sjóðsins, að innleiða nýjar dánar- og eftirlifendatöflur sem staðfestar voru af fjármála- og efnahagsráðherra í desember 2021. Lagt var til að ársfundur samþykki að endurreikna áunnin réttindi til lífeyris samkvæmt eftirfarandi reglum: Áunnin réttindi hvers hóps sbr. a-liður fæðingarárgangs sbr. b-liður séu umreiknuð þannig að verðmæti áfallinna skuldbindinga vegna hvers hóps eða fæðingarárgangs haldist óbreytt samkvæmt nýjum dánar- og eftirlifendatöflum eins og þær voru samkvæmt eldri dánar- og eftirlifendatöflum.

a) Reiknaðar eru áfallnar skuldbindingar sjóðsins vegna allra sjóðfélaga sem náð hafa 67 ára aldri, auk örorku- og makalífeyrisþega, annars vegar samkvæmt nýjum dánar- og eftirlifendatöflum og hins vegar samkvæmt eldri dánar- og eftirlifendatöflum. Útreikningarnir miðast við 31.12.2021. Áunnin réttindi sjóðfélaga samkvæmt hinum nýju dánar- og eftirlifendatöflum eru endurreiknuð þannig að áfallnar skuldbindingar samtryggingardeildar vegna þessa hóps yrði sama hlutfall af áföllnum skuldbindingum samtryggingardeildar og þær voru samkvæmt eldri dánar- og eftirlifendatöflum.

Áunnin réttindi framangreinds hóps lækka um 3,9% vegna þessa.

b) Reiknaðar eru áfallnar skuldbindingar vegna annarra sjóðfélaga en tilgreindir eru í a-lið að framan, nema barnalífeyrisþega, annars vegar samkvæmt nýjum dánar- og eftirlifendatöflum og hins vegar samkvæmt eldri dánar- og eftirlifendatöflum. Útreikningarnir miðast við 31.12.2021. Áunnin réttindi sjóðfélaga samkvæmt hinum nýju dánar- og eftirlifendatöflum eru endurreiknuð þannig að áfallnar skuldbindingar hvers fæðingarárgangs þessa hóps verði sama hlutfall af áföllnum skuldbindingum samtryggingardeildar og þær voru samkvæmt eldri dánar- og eftirlifendatöflum.

Jafnframt var lagt til að ársfundur samþykki að í kjölfar framangreindrar aðgerðar skuli áunnin lífeyrisréttindi allra sjóðfélaga á árinu 2021 og fyrr hækka um 15%.

Þessarar ákvörðunar verði getið í Viðauka B ásamt því að taka fram hlutfallslegar breytingar ólíkra hópa og fæðingarárganga vegna þessa í samræmi við það sem rakið hefur verið að framan.

Þannig samþykki ársfundur að áunnin réttindi eftirfarandi fæðingarárganga eru lækkuð í samræmi við eftirfarandi töflu:

Árgangur	Breyting	Árgangur	Breyting	Árgangur	Breyting	Árgangur	Breyting
2005	-12,0%	1992	-11,7%	1979	-10,8%	1966	-8,3%
2004	-12,0%	1991	-11,7%	1978	-10,7%	1965	-8,0%
2003	-12,0%	1990	-11,6%	1977	-10,6%	1964	-7,7%
2002	-11,9%	1989	-11,6%	1976	-10,4%	1963	-7,3%
2001	-11,9%	1988	-11,5%	1975	-10,3%	1962	-7,0%
2000	-11,9%	1987	-11,5%	1974	-10,1%	1961	-6,6%
1999	-11,9%	1986	-11,4%	1973	-9,9%	1960	-6,2%
1998	-11,8%	1985	-11,3%	1972	-9,7%	1959	-5,8%
1997	-11,8%	1984	-11,3%	1971	-9,5%	1958	-5,3%
1996	-11,8%	1983	-11,2%	1970	-9,3%	1957	-4,9%
1995	-11,8%	1982	-11,1%	1969	-9,1%	1956	-4,4%
1994	-11,7%	1981	-11,0%	1968	-8,8%	1955	-4,1%
1993	-11,7%	1980	-10,9%	1967	-8,6%		

Þegar tekið er tillit til hækkunar réttinda um 15% samþykkir ársfundur þannig eftirfarandi breytingar í heild á áunnum réttindum eftir fæðingarágöngum:

Árgangur	Breyting	Árgangur	Breyting	Árgangur	Breyting	Árgangur	Breyting
2005	1,2%	1992	1,5%	1979	2,6%	1966	5,5%
2004	1,2%	1991	1,5%	1978	2,7%	1965	5,8%
2003	1,2%	1990	1,7%	1977	2,8%	1964	6,1%
2002	1,3%	1989	1,7%	1976	3,0%	1963	6,6%
2001	1,3%	1988	1,8%	1975	3,2%	1962	6,9%
2000	1,3%	1987	1,8%	1974	3,4%	1961	7,4%
1999	1,3%	1986	1,9%	1973	3,6%	1960	7,9%
1998	1,4%	1985	2,0%	1972	3,8%	1959	8,3%
1997	1,4%	1984	2,0%	1971	4,1%	1958	8,9%
1996	1,4%	1983	2,1%	1970	4,3%	1957	9,4%
1995	1,4%	1982	2,2%	1969	4,5%	1956	9,9%
1994	1,5%	1981	2,3%	1968	4,9%	1955	10,3%
1993	1,5%	1980	2,5%	1967	5,1%		

Þá er lagt til að ársfundur samþykki að áunnin réttindi 67 ára og eldri auk örorku- og makalífeyrisþega hækki um 10,5%. Framangreindar hlutfallslegar breytingar á áunnum réttindum árganga verði framkvæmdar eigi síðar en þann 1. September 2022. Hafi ráðherra ekki staðfest breytingar á samþykktum sjóðsins fyrir þann tíma verða breytingar framkvæmdar fyrsta virka dag næsta mánaðar á eftir staðfestingu ráðherra.

Til viðbótar eru lagðar til breytingar á Viðauka B (lagt er til að undirstrikaður texti bætist við og yfirstrikaður texti verði felldur út):

VIÐAUKI B - yfirlit yfir sérstakar breytingar á réttindum

Yfirlit um sérstakar breytingar á áunnum lífeyrisréttindum í samtryggingardeild eftir gildistöku samþykktu Gildislífeyrissjóðs hinn 1. júní 2005, samþykktar á ársfundum sjóðsins, skv. greinum 7.3. og 7.4. í samþykktunum og eftir atvikum 2. mgr. 39. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Lagt var til að Viðauki C verði felldur á brott úr samþykktum.

Aðrar tillögur til breytinga á samþykktum

Grein 3.2. orðist þannig (nýtt er auðkennt með undirstrikun, yfirstrikaður texti fellur út):

- 3.2. Aðildarsamtök sjóðsins af hálfu launamanna eru Bifreiðastjórafélagið Sleipnir, Efling- stéttarfélag, ~~Félag hársnyrksveina~~, Félag járníðnaðarmanna á Ísafirði, Félag skipstjórnar-manna, Sjómannafélag Íslands, Sjómannasamband Íslands, Sjómann- og vélstjórafélag Grindavíkur, VM-Félag vélstjóra og málmteknimanna, Verkalýðsfélagið Hlíf og Verkalýðsfélag Vestfirðinga, en Samtök atvinnulífsins af hálfu atvinnurekenda.

Grein 9.7. orðist þannig (nýtt er auðkennt með undirstrikun, yfirstrikaður texti fellur út):

- 9.7. Tvisvar á ári, í mars og september, skal senda sjóðfélögum yfirlit yfir greidd iðgjöld vegna þeirra. Yfirlitinu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga að gera án tafar athugasemdir ef vanhöld koma í ljós á iðgjaldaskilum. Sjóðnum er heimilt að skila yfirlitum með rafrænum hætti til sjóðfélaga óski þeir eftir því eða ef slíkt er heimilt samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum. ~~Sjóðurinn skal samtímis með opinberri auglýsingu skora á alla þá sem telja sig hafa greitt iðgjöld til sjóðsins á undangengnu tímabili og ekki fengið yfirlit skv. framanskráðu, gera sjóðnum án tafar viðvarnt um ætluð vanskil. Hafi athugasemdir frá sjóðfélaga, staðfestar með launaseðlum, ekki borist sjóðnum innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits eða birtingu auglýsingar, sé það síðar, og sjóðnum ekki verið kunnugt um iðgjaldakröfuna, er sjóðurinn einungis ábyrgur fyrir réttindum á grundvelli iðgjalda þessara að því marki sem þau fást greidd. Samhliða yfirliti þessu skal eigi sjaldnar en einu sinni á ári senda upplýsingar um áunninn og væntanlegan lífeyrisrétt sjóðfélaga, rekstur og fjárhagsstöðu sjóðsins og breytingar á samþykktum. Sömu upplýsingar skal senda þeim sjóðfélögum sem náð hafa ellilífeyrisaldri.~~

Grein 11.6. orðist þannig (nýtt er auðkennt með undirstrikun, yfirstrikaður texti fellur út):

- 11.6. Sjóðfélagi sem ekki hefur hafið töku ellilífeyris hjá sjóðnum getur ákveðið að hefja töku hálfes ellilífeyris hvenær sem er eftir að 60 ára aldri er náð og telst hann þá hafa ráðstafað þeim hluta ellilífeyrisréttinda sinna endanlega, sbr. grein 11.4. Grein 11.3 skal gilda um þann hluta sem ráðstafað er fyrir 67 ára aldur. Grein 11.2 skal gilda um hinn frestaða hluta eftir að 67 ára aldri er náð.

~~Sjóðfélagi sem hafið hefur töku ellilífeyris við gildistöku þessa ákvæðis getur með sérstakri umsókn þar að lútandi, fram til 1. janúar 2020, farið á hálfan ellilífeyri. Skal þá tryggingastærðfræðingur meta sérstaklega áhrif frestunar og eða flýtingar á fjárhæð lífeyris. Við mat tryggingastærðfræðings skal byggja á því að tryggingafræðilegar skuldbindingar lífeyrissjóðsins breytist ekki, þannig skal byggja á sömu sjónarmiðum og liggja að baki grein 11.2 og 11.3. Slík ráðstöfun endurvekur ekki rétt til örorkulífeyris sem ráðstafað hefur verið skv. grein 11.4.~~

Grein 12.9. orðist þannig (nýtt er auðkennt með undirstrikun, yfirstrikaður texti fellur út):

- 12.9. Skylt er öryrkja sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris að láta sjóðnum stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris og ef nauðsynlegt er, gangast undir læknisskoðun hjá trúnaðarlækni sjóðsins. Berist ekki fullnægjandi gögn og upplýsingar frá sjóðfélaga og hann sinnir ekki tilmælum sjóðsins þar að lútandi skal umsókn hans vísað frá. Heimilt er að fengnu áliti trúnaðarlæknis að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris að sjóðfélagi fari í endurhæfingu sem bætt gæti heilsufar hans, enda sé þess gætt að slík endurhæfing standi honum til bóða og aðstæður viðkomandi leyfi að hann nýti sér hana. Endurmat á orkutapi skal fara fram að lokinni endurhæfingu.

Grein 16 orðist þannig (nýtt er auðkennt með undirstrikun, yfirstrikaður texti fellur út):

16. Endurgreiðsla iðgjalda.

- 16.1. Heimilt er að endurgreiða iðgjöld til erlendra ríkisborgara þegar þeir flytjast úr landi, enda sé slíkt ekki óheimilt samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að. Heimilt er að draga frá endurgreiddu iðgjaldi að viðbættum vöxtum kostnað vegna tryggingaverndar sem sjóðfélaginn hefur notið og kostnað vegna umsýslu samkvæmt mati forsendum tryggingastærðfræðings. Óheimilt er að endurgreiða iðgjöld ríkisborgara annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins (EES). Við endurgreiðslu til sjóðfélaga samkvæmt þessari grein falla niður allar kröfufur viðkomandi sjóðfélaga á hendur sjóðnum vegna hinna endurgreiddu iðgjalda.
- 16.2. Iðgjöld sem greidd eru sjóðnum vegna þeirra sem eru 70 ára eða eldri skulu lögð inn í séreignardeild sjóðsins í nafni sjóðfélaga í þá fjárfestingarleið sem ber minnstu áhættu hjá sjóðnum á hverjum tíma, nema sjóðfélagi ákveði aðra fjárfestingarleið. Skal þá leggja inn bæði iðgjald sjóðfélaga og mótframlag launagreiðanda. Skal tilkynna viðkomandi sjóðfélaga um slíka ráðstöfun. Fer um útgreiðslu eftir almennum ákvæðum séreignardeildarinnar. Iðgjöld sem greidd eru sjóðnum vegna þeirra sem eru yngri en 16 ára skal endurgreiða sjóðfélaga og launagreiðanda iðgjaldshluta þeirra. Skal slík endurgreiðsla eiga sér stað eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Af iðgjöldum sem sjóðnum eru greidd vegna starfsmanna sem náð hafa 70 ára aldri, sbr. 9.1. og 10.4., skal hann endurgreiða sjóðfélaga og launagreiðanda iðgjaldshluta þeirra. Skal slík endurgreiðsla eiga sér stað eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

Grein 17.1 orðist þannig (nýtt er auðkennt með undirstrikun, yfirstrikaður texti fellur út):

- 17.1. Heimilt er stjórn sjóðsins að gera samninga við aðra lífeyrissjóði um tilhögun réttindaflutnings o.fl. Í slíkum samningum má vika frá biðtíma og bótaákvæðum samþykktá þessara í því skyni að koma í veg fyrir niðurfall réttinda þegar sjóðfélagi skiptir um starf og tvítryggingu réttinda sem ekki miðast við liðinn iðgjaldagreiðslutíma. Ennfremur er þar heimilt að ákveða að sjálfstæð réttindi í einstökum sjóðum skuli samanlagt ekki vera meiri en heildarréttindin myndu verða hjá einum og sama sjóði. Slíkir samningar eru þó ekki bindandi fyrir sjóðinn fyrr en þeir hafa hlotið samþykki Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins, svo og staðfestingu ráðherra sé slíkt skylt fjármálaráðuneytisins.

Grein 18.4 orðist þannig (nýtt er auðkennt með undirstrikun, yfirstrikaður texti fellur út):

18.4. Nú nær lífeyrisgreiðsla ekki fjárhæð er svarar til a.m.k. 2.500 króna á mánuði og fyrirjábanlegt er að um sameiningu við önnur réttindi verður ekki að ræða, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi þar sem verðmæti miðast við tryggingafræðilegar forsendur sjóðsins á útgreiðsludegi samkvæmt reglum í samræmi við ~~tillögur tryggingafræðings.~~

Grein 24.3 orðist þannig (nýtt er auðkennt með undirstrikun, yfirstrikaður texti fellur út):

24.3. Breytingar á samþykktum þessum öðlast því aðeins gildi að þær hafi verið samþykktar með a.m.k. 2/3 hlutum atkvæða fulltrúa á ársfundi sjóðsins og hlotið staðfestingu fjármála-ráðuneytisráðherra.

Árni Hrafn lauk máli sínu.

Því næst kallaði fundarstjóri eftir fyrirspurnum eða athugasemdum sjóðfélaga. Engar athugasemdir komu fram.

Benti fundarstjóri á að samkvæmt grein 24.1 í samþykktum sjóðsins skyldi stjórn sjóðsins senda aðildarfélögum sjóðsins og Samtökum atvinnulífsins tillögur um breytingar á samþykktum til kynningar a.m.k. fjórum vikum fyrir ársfund. Fyrir lá að þessum aðilum hefði verið kynntar tillögur stjórnar innan tilskilins frests.

Kvað Heimir Pálmason sér hljóðs undir þessum lið til að bera upp tvær spurningar.

- 1) Geymd lífeyrisréttindi sjómanna, þau eru höfð sér og utan við sjóði hins almenna sjóðfélaga. Hvernig skerðast þau við framlagðar breytingar, meðal annars m.t.t. annars kynjahlutfalls þegar kemur að stétt sjómanna en í Gildi almennt?
- 2) Af hverju er verið að breyta töflunum í þessu tilviki?

Benedikt svaraði því til að þetta væri gert eins í tilviki sjómanna og annarra stétta innan Gildis. Reiknað með sömu aukningu lífslíka hjá þeim og öðrum. Hins vegar væri lenging ævi minni hlutfallslega frá 65 ára aldri, eins og gildi í tilviki sjómanna, heldur en hjá þeim sem hæfu töku lífeyris 67 ára. Benedikt taldi ágætt að einnig kæmi fram að tekið væri tillit til þess að lífslíkur væru sérstaklega skoðaðar út frá sjóðfélögum Gildis, sem almennt væru lægri en hjá öðrum sjóðum. Hins vegar vægi neikvætt upp á móti þessari forsendu há tíðni örorku hjá Gildi miðað við aðra sjóði.

Gísli Snorri Rúnarsson kom í pontu og spurði varðandi breytingartillögur samþykktu, hvernig það myndi koma út ef ákveðnar breytingar yrðu samþykktar en aðrar ekki. Fundarstjóri svaraði að annað hvort yrði allt samþykkt eða ekki neitt þar sem ætlunin væri að breytingartillögurnar yrðu bornar upp til atkvæða allar í einu.

Gerði fundarstjóri því næst hlé á fundi til þess að tækifæri gæfist til að fara yfir framlagðar breytingartillögur.

Að loknu hléi gerði Bjarni Guðmundsson grein fyrir breytingartillögum sínum gagnvart tillögum stjórnar. Þakkaði hann sjóðnum góð störf. Lýsti óánægju með breytingar á samþykktum og taldi þær byggðar á misskilningi. Sagði sér hafa verið kennt að þekkja það sem verið væri að reikna í hvert sinn. Sagði að í samtryggingu fælist réttur til að fá greidd réttindi á tilteknum tíma í tilteknu magni. Þau réttindi væru stjórnarskrárvarin og tryggð með öllum eignum sjóðsins. Sagði að ekki væri hægt að ánafna ákveðnum hluta til ákveðinna árganga heldur ættu allir tilkall til allra eigna. Sagði samþykktir tryggja núverandi réttindi. Sagðist telja sjóðinn vel aflögufæran til að standa við öll þau lífeyrisloforð sem hann

hefði gefið út. Taldi samþykktir í óbreyttri mynd heimila aukningu réttinda allra um 6,3%, á öðru væri engin þörf. Taldi ekkert vera til sem hétu tryggingafræðilega rétt í þessu samhengi, einungis rétt. Sagðist halda að ungir sjóðfélagar hefðu jafnvel stöðu til að gera kröfu um slíka breytingu. Sagði að til væru lífeyriskerfi sem virkuðu eins og stjórn virtist halda að okkar virkaði, en staðreyndin væri sú að samþykktir sjóðsins gæfu annað til kynna. Höfðaði sérstaklega til fulltrúaráðsmanna í þessari bókun sinni. Breytingartillaga Bjarna væri því sú að breytingar á grein 7.3 og 7.4 féllu niður, í stað töflu um upp- og niðurskriftir kæmi setning sem segði að áunninn réttindi allra hækkuðu um 6,3%. Breyting verði framkvæmd fyrsta dag næsta mánaðar eftir staðfestingu fjármálaráðuneytis.

Benedikt svaraði, sagði að hér væri verið að breyta samþykktum og þar með kerfinu. Ræddi tvö grundvallarsjónarmið í slíkum kerfum, annars vegar þau sem byggðu á inngreiðslum og ávöxtun, en hin, sem almennt giltu í öðrum löndum, snerust um að gefin væru ákveðin lífeyrisloforð, skilgreind réttindi. Í sjóðum eins og Gildi tækju sjóðfélagar tvenns konar áhættu, annars vegar þá sem byggðist á ávöxtun og hins vegar þá sem byggðist á lýðfræðilegum breytingum þar sem lífslíkur gætu aukist eða minnkað, örorka minnkað eða aukist eða kynjahlutföll hliðrast. Nú hefði hið síðara gerst, eins og áður hefði hent í sögu sjóðsins, þ.e. að orðið hefðu lýðfræðilegar breytingar. Nú ætti að taka á þessum vanda og gefnar út breytilegar lífslíkur eftir árgöngum. Sagði að þegar samþykktir voru skrifaðar hefði ekki verið gert ráð fyrir þessu, þ.e. að árgangar yrðu misgamlir. Það þýddi að ef við myndum breyta réttindum slétt yfir alla árganga væri verið að ganga á rétt ákveðinna hluta sjóðfélaga umfram það sem nú væri verið að reyna að gera. Mikilvægt væri þegar slíkar breytingar væru lagðar fram að óháðir sérfræðingar og lögfræðingar færu yfir þær. Slíkt hefði verið gert, m.a. hefði verið leitað til lögmannanna Gests Jónssonar og Geirs Gestssonar á lögmannsstofunni Mörkinni. Þeirra niðurstaða væri sú að þetta væri ekki einungis heimilt heldur jafnvel skylda sjóðsins að bregðast við, bæði m.t.t. dóma Hæstaréttar og með vísan í mannréttindalöggjöf. Benedikt sagðist myndu verða fyrir nokkrum vonbrigðum með sjóðinn ef farið yrði í flata hækkun eða þessum breytingum frestað.

Árni Guðmundsson steig í pontu og vildi bæta við að hann teldi að ummæli Bjarna um að verið væri að svíkja lífeyrisrétt sjóðfélaga villandi. Sagði að þessar hugleiðingar hefðu verið að gerjast allt frá árinu 2015. Sagði fleiri sjóði en Gildi vera að fara áþekka leið, leitað hefði verið til FME og fleiri málsmetandi aðila, hvergi hefði verið borið upp að verið væri að ganga á rétt sjóðfélaga með þessum hætti. Flöt hækkun væri hins vegar ekki sú sanngirnisleið sem Bjarni vildi vera láta. Sagði mjög miður ef samþykktarbreytingar næðu ekki fram að ganga.

Bjarni kom aftur upp og sagði að ekkert hefði komið fram sem sýndi að réttindi yngri sjóðfélaga væru á nokkurn hátt of mikil í þessu samhengi. Sagði að aldrei hefði það áður verið gert þannig að breytingar væru gerðar með mismunandi hætti gagnvart mismunandi árgöngum. Sagði að ef niðurstaðan sem hann legði til væri betri bæri ekki að sýta það þó mikil vinna hefði farið í tillagðar breytingar stjórnar.

Árni Sverrisson framkvæmdastjóri Félags skipstjórnarmanna tók til máls. Sagðist afar ánægður með það sem hér væri lagt til. Sagðist skilja tillögu Bjarna. Sagði að hans félagsmenn hefðu fengið Benedikt á fund við sig þar sem hann skýrði sína leið ítarlega út. Sagði að hann teldi tillögur stjórnar sanngjarnari, m.a. út frá réttindum sinna eldri félagsmanna. Sagði yngri félagsmenn myndu greiða mun hærra framlag til sjóðsins sem kæmi þeim til góða. Sagðist Árni leggja til að tillaga stjórnar yrði samþykkt. Hældi einnig Jóhanni Páli fyrir sína gagnrýni á störf sjóðsins, hún væri mikilvæg en taldi að hún þyrfti að koma fram í tíma þannig að hægt væri að taka til hennar afstöðu.

Næst tók fundarstjóri til máls. Lagði til að breytingartillaga Bjarna yrði lögð fyrst fyrir fundinn. Vakin var athygli á því að þar sem um tillögur til breytinga á samþykktum væri að ræða krefðust þær samþykkis minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða. Fór fundarstjóri síðan yfir breytingartillöguna; hún var sú að breytingar á gr. 7.3. og 7.4 féllu niður, en að eftirfarandi texti kæmi í stað Viðauka B:

„Áunnin réttindi allra sjóðfélaga í lok árs 2021 verði aukin um 6,3%. Breytingar verði framkvæmdar fyrsta dag næsta mánaðar eftir staðfestingu fjármála- og efnahagsráðuneytis.“

Í breytingartillögu Bjarna var einnig að finna kostnaðarmat á þeirri tillögu sem hann lagði til út frá útgefnum ársreikningi sjóðsins.

Var breytingartillagan því næst borin undir atkvæði. Tillöguna samþykktu 10 fulltrúar, en á móti voru mun fleiri en a.m.k. 50% atkvæða. Var breytingartillagan þar með felld.

Bar þá fundarstjóri upprunalegar tillögur stjórnar undir atkvæði, allar í einu. Var þannig lagt til að breyta samþykktum til samræmis við tillögur stjórnar ásamt því að ársfundur tæki ákvörðun á grundvelli greina 7.3. og 7.4. í samþykktum sjóðsins að breyta áunnum réttindum sjóðfélaga. Vakin var athygli á því að þar sem um tillögur til breytinga á samþykktum væri að ræða krefðust þær samþykkis minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða auk þess að vera háðar samþykki fjármálaráðherra. Voru breytingarnar bornar undir atkvæði.

Voru tillögur stjórnar samþykktar með öllum greiddum atkvæðum utan eins atkvæðis sem var á móti.

5. Starfskjarastefna – til staðfestingar.

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að næst yrði starfskjarastefna Gildis borin upp til staðfestingar. Starfskjarastefnan hefði legið fyrir á heimasíðu sjóðsins og í fundargögnum og verið óbreytt frá árinu 2018. Framkvæmdastjóra sjóðsins var gefið orðið og gerði hann grein fyrir efni stefnunnar stuttlega.

Að lokinni yfirferð kallaði fundarstjóri eftir athugasemdum eða fyrirspurnum um starfskjarastefnuna. Engar athugasemdir eða fyrirspurnir bárust.

Bar þá fundarstjóri starfskjarastefnuna upp til staðfestingar. Starfskjarastefnan var staðfest með tilskildum meirihluta atkvæða.

6. Kosning / skipan stjórnar.

Fundarstjóri upplýsti að samkvæmt samþykktum Gildis skyldi stjórn sjóðsins skipuð átta einstaklingum. Þar af skyldu fjórir kosnir á ársfundi, ásamt tveimur varamönnum, en fjórir aðalmenn og tveir varamenn skyldu staðfestir af fulltrúum atvinnurekenda í fulltrúaráði á grundvelli tilnefningar SA. Kjörtímabil stjórnarmanna væri tvö ár og skyldi árlega kjósa helming stjórnarmanna og varamenn þeirra. Samþykktir mæltu jafnframt fyrir um að tilnefningarnefnd á vegum fulltrúa stéttarfélaga í fulltrúaráði sjóðsins skyldi gera tillögu um frambjóðendur fulltrúa sjóðfélaga til stjórnar og varastjórnar.

Með vísan til þessa lá fyrir að Samtök atvinnulífsins hefði tilnefnt eftirtalda aðila í aðalstjórn fyrir hönd SA, til tveggja ára:

Bjarnheiður Hallsdóttir
Sverrir Sverrisson

Jafnframt að eftirtalinn aðili yrði í varastjórn fyrir hönd SA, einnig til tveggja ára:

Hannes G. Sigurðsson

Jafnframt hafði tilnefningarnefnd fulltrúa stéttarféлага í fulltrúaráði sjóðsins lagt til að eftirfarandi aðilar yrðu kjörnir í aðalstjórn Gildis árið 2022, til tveggja ára:

Árni Bjarnason
Gundega Jaunlinina

Jafnframt að eftirtalinn aðili yrði kjörinn í varastjórn sjóðsins, einnig til tveggja ára:

Eyþór Þ. Árnason

Fundarstjóri gaf orðið laust varðandi tillögu tilnefningarnefndar stéttarféлага.

Þar sem aðrar tilnefningar höfðu ekki borist töldust fyrrgreindir aðilar sjálfkjörnir í aðal- og varastjórn sjóðsins.

Fundarstjóri upplýsti þannig um að í stjórn Gildis sætu því nú:

- Árni Bjarnason
- Bjarnheiður Hallsdóttir
- Freyja Önundardóttir
- Gundega Jaunlinina
- Gylfi Gíslason
- Margrét Valdimarsdóttir
- Stefán Ólafsson
- Sverrir Sverrisson

og varamenn:

- Hannes G. Sigurðsson
- Inga Jóna Friðgeirsdóttir
- Ingibjörg Ólafsdóttir
- Eyþór Þ. Árnason

7. Ákvörðun launa stjórnarmanna.

Fundarstjóri gerði grein fyrir framlagðri tillögu um laun stjórnarmanna þess efnis að mánaðarlaun aðalmanns verði kr. 144.956, laun formanns verði tvöföld eða kr. 289.912 og laun varaformanns verði kr. 217.434. Stjórnarlaun miðist við einn fund í mánuði. Ef stjórnarfundir séu fleiri skuli greiða aukalega sem nemur einum mánaðarlaunum fyrir hvern setinn fund. Varamaður fái greidd laun aðalmanns, kr. 144.956, fyrir hvern setinn stjórnarfund. Fyrir hæfismat hjá Fjármálaeftirliti verði greidd ein mánaðarlaun stjórnarmanns. Samkvæmt greinargerð með tillögunni væri um að ræða hækkun um kr. 10.000 á launum almenns stjórnarmanns og tæki mið af lífskjarasamningum með hagvaxtarauka. Kallað var eftir því hvort fundarmenn hefðu athugasemdir eða fyrirspurnir. Engar athugasemdir eða fyrirspurnir bárust. Þar þá fundarstjóri tillöguna upp til samþykktar. Tillagan var samþykkt með tilskildum meirihluta atkvæða.

8. Kosning nefndar um laun stjórnarmanna.

Fundarstjóri upplýsti um að samkvæmt samþykktum Gildis skuli ársfundur kjósa þrjá fulltrúa í nefnd sjóðsins um laun stjórnarmanna. Eftirtaldir aðilar hefðu verið tilnefndir í nefnd um laun stjórnarmanna á grundvelli gr. 5.6. í samþykktum sjóðsins:

Tillaga um fulltrúa launafólks:

- Kolbeinn Gunnarsson

Tillaga um fulltrúa atvinnurekenda:

- Davíð Þorláksson
- Stefanía Kolbrún Ásbjörnsdóttir

Fundarstjóri kallaði þessu næst eftir frekari tilnefningum frá fundarmönnum varðandi fulltrúa í nefnd um laun stjórnarmanna. Þar sem aðrar tilnefningar höfðu ekki borist töldust fyrrnefndir aðilar sjálfkjörnir í nefnd um laun stjórnar og ekki kom til sérstakrar kosningar.

9. Kjör endurskoðanda.

Fundarstjóri gerði grein fyrir framlagðri tillögu um að endurskoðandi sjóðsins yrði Deloitte ehf., Smáratorgi 3, Kópavogi.

Kallað var eftir því hvort fundarmenn hefðu athugasemdir eða fyrirspurnir við tillöguna. Engar athugasemdir eða fyrirspurnir bárust. Bar þá fundarstjóri tillöguna undir atkvæði. Taldist tillagan þannig samþykkt með tilskildum meirihluta atkvæða.

10. Önnur mál.

Undir þessum lið gefst stjórn sjóðsins, framkvæmdastjóra og sjóðfélögum kostur á að tjá sig, að því er varðar aðra dagskrárliði fundarins eða annað er tengist sjóðnum.

Gaf fundarstjóri orðið laust ef einhver kysi að taka til máls.

Ekki komu fram frekari athugasemdir eða fyrirspurnir. Fundarstjóri óskaði eftir heimild til þess að ganga frá fundargerð fundarins ásamt fundarritara og voru ekki gerðar athugasemdir við það. Þar sem dagskrá fundarins var tæmd gaf fundarstjóri Gylfa Gíslasyni stjórnarformanni orðið. Óskaði hann nýjum stjórnarmönnum til hamingju með kjörið og sagðist hlakka til samstarfsins við þá. Þakkaði hann fyrir fundarstjórnina, framkvæmdastjóra fyrir kynningu sína og fundarmönnum fyrir fundarsetuna. Fundi var því næst slitið kl. 19:42.

Með atkvæðisrétt á fundinum sátu samtals 51 fulltrúi, 27 fulltrúar launamanna og 24 fulltrúar atvinnurekenda. Fjöldi fundarmanna í heild var 75. 45 tæki tengdust fundinum rafrænt, þar af voru 38 á Íslandi og 7 á Spáni. Einn fylgdist með enskri þýðingu fundarins á netinu.



Bjarni Gíslason, fundarritari



Guðbjörg Helga Hjartardóttir, fundarstjóri